

## L Ö G

31

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála  
og um vitabyggingar.

13. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

## 1. gr.

- a. Á eftir orðunum „Á Búðahrauni ... ljósviti“ í 9. gr. laganna komi: Við Grundarfjörð ... ljósviti.
- b. Á eftir orðunum „Á Glettinganesi ... hljóðviti“ í sömu lagagrein komi: Á Brimnesi við Seyðisfjörð ... ljósviti.
- c. Á eftir orðunum „Á Seley ... hljóðviti“ í sömu lagagrein komi: Á Hafnarnesi ... ljósviti, endurbygging.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

## L Ö G

32

um breyting á lögum nr. 103 3. maí 1935, um breyting á lögum nr. 72  
7. maí 1928, um hvalveiðar.

13. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1938 til 1940 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veið-

32 anna, enda séu á þeim skipum eingöngu islenzkir sjómenn, nema leyfi atvinnu-  
13. júní málaráðherra komi til.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1939, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innyfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

33

13. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Á eftir fyrsta málsli. 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annara óviðkomandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*